

FUNDARGERÐ

273. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 28. ágúst 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Mörður Áslaugarson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Þráinn Óskarsson, Aron Ólafsson, Rósa Kristinsdóttir og Viðar Eggertsson, sem sat fundinn í fjarveru Margrétar Tryggvadóttur. Marta Guðrún Jóhannesdóttir sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 272 var lögð fram og samþykkt.

2. Kynning sviða, dagskrárdeild sjónvarps

Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri sjónvarps, Hilmar Björnsson íþróttastjóri og Agnes Wild teymisstjóri barna- og ungmennapjónustu kynntu dagskráráherslur komandi vetur.

3. Fjármál

Fjármálastjóri kynnti bráðabirgðauppgjör fyrir tímabilið janúar-júlí og áætlaða afkomu fyrir árið í heild. Afkoman í maí-júlí olli vonbrigðum og var lakari en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Lakari afkomu má að hluta rekja til aukins kostnaðar fréttastofu og kostnaðar við dagskrárgerð sjónvarps. Af einstökum liðum vegur þyngst kostnaður vegna forsetakosninganna en við vinnslu rekstraráætlunar ársins lá ekki fyrir að kosið yrði á yfirstandandi ári né að umfangið í kringum kosningarnar yrði jafn mikið og raun bar vitni og féll sá kostnaður að mestu leyti til í maí og júní. Þá féll einnig til talsverður umframkostnaður vegna Eurovision. Að óbreyttu stefnir rekstrarafkoma félagsins í að verða neikvæð í kringum 200 m.kr. fyrir árið í heild sinni þrátt fyrir að farið hafi verið í tiltekna ráðstafanir sl. vor til að bæta rekstrarafkomuna. Lakari afkoma kallar á að farið verði í frekari ráðstafanir með það að markmiði að draga eins og kostur er úr neikvæðri afkomu á yfirstandandi ári og til að tryggja að rekstur og sjóðstaða verði komin í viðunandi horf í upphafi næsta rekstrarárs og að rekstur félagsins verði hallalaus árið 2025.

Rekstrarafkoman eftir sjö mánuði var neikvæð um 470 m.kr. en sú afkoma gefur þó ekki rétta mynd af áætlaðri afkomu ársins. Annars vegar er rekstrarafkoma félagsins jafnan lakari fyrri hluta árs en síðari hluta árs og hins vegar voru mjög háar gjaldfærslur á sýningarréttum á íþrótttaefni í júní og júlí en þær námu samanlagt 366 m.kr. í júní og júlí. Þá kom fram að auglýsingatekjur séu nánast á pari fyrstu sjö mánuði ársins samanborið við endurskoðaða áætlun. Aðrar tekjur séu um 23 m.kr. (10,7%) yfir áætlun sem skýrist einkum af styrkgreiðslum og því að miðasala og símakosning vegna Söngvakeppninnar voru umfram áætlun. Sjónvarp sé 46 m.kr. (4%) yfir áætlun sem skýrist m.a. af umframútgjöldum vegna Söngvakeppninnar/Eurovision auk frávika í rekstri í maí-júlí. Umframútgjöld fréttastofu megi nær alfarið rekja til ófyrirséðs og aukins launa- og verktakakostnaðar vegna eldsumbrota á Reykjanesi auk útgjalda vegna forsetakosninga. Framleiðsla sé um 21 m.kr. (8,3%) umfram áætlun sem skýrist m.a. af auknum launakostnaði og verktakakaupum umfram sölu sem ætti að jafnast út yfir árið. Afskriftir séu á pari en fjármagnsliðir séu 24,4 m.kr. (9,7%) umfram áætlun.

Stjórn áréttaði að niðurstaðan fyrir fyrstu sjö mánuði ársins væri ekki í samræmi við væntingar og ekki síst að sjá þessi auknu frávik í maí-júlí frá uppfærðri áætlun. Áundanförnum stjórnarfundum hafi þeim verið kynnt lakari afkoma og hafi stjórnin ekki fengið nákvæma útfærslu á mótvægisráðstöfunum. Ákveðið var að stjórn fengi nánari útlistun á ráðstöfunum á næsta stjórnarfundum.

seð MT

p.o.

DR
u

1313

AS
SDU

4. Minnisþingar útlvarpsstjóri

Útlvarpsstjóri upplýsti um að aðalfundur EBU hefði verið haldinn fyrir í sumar, þar sem m.a. hefði verið kosið í stjórn. Ýmis atriði voru þar til umfjöllunar og þar á meðal tillögur sem tengjast framkvæmd Eurovision söngvakeppninnar. Vinna var sett í gang sl. vor vegna gagnrýni á ýmis atriði í aðdraganda og framkvæmd keppninnar. Verið sé að vinna og útfæra tillögur að úrbótum sem snúa að framkvæmd keppninnar og skipulagi hennar og megi búast við að þær verði kynntar og afgreiddar á næstu vikum eða mánuðum. Útlvarpsstjóri upplýsti einnig að norrænu stöðvarnar og útlvarpsstjórar þeirra ættu í nánú samráði um sameiginleg viðbrögð þeirra gagnvart EBU.

Útlvarpsstjóri greindi frá því að útsendingum RÚV um gervihnött hefði verið hætt 1. júlí sl. eins og áður hafði verið kynnt ítarlega. Breytingin átti sér langan aðdraganda en þjónustunni var sagt upp á síðasta ári með árs fyrirvara, þar sem fjárveitingar vegna þessa höfðu verið felldar niður. Í kjölfar athugasemda sjómanna óskaði ráðherra eftir því að útsendingar RÚV um gervihnött yrðu framlengdar til næstu áramóta og verði kostnaður við það greiddur af ráðuneytinu.

Gerð var grein fyrir störfum vinnuhóps um minnkuð umsvif RÚV á auglýsingamarkaði, en hópurinn vinni nú að tillögum sínum til ráðherra, sem bæði snúa að því og LSR láninu.

Útlvarpsþing verði haldið 3. október nk. í útlvarps húsinu við Efstaleiti og verða fjölmiðlar og menntun til umfjöllunar. Margir fyrirlesarar verða á þinginu og þar á meðal útlvarpsstjóra UR í Svíþjóð, en UR sé sérhæfður almannathjónustumiðill sem framleiðir fræðslufni fyrir útlvarp og sjónvarp.

Útlvarpsstjóri upplýsti um það að nýr netbúnaður yrði settur upp fljótlega í Efstaleiti í stað búnaðar sem kominn sé til ára sinna. Um sé að ræða hluta af fjárfestingu þessa árs, en þessi nýi búnaður muni auka rekstraröryggi til muna sem og nethraða í húsinu, en öll kerfi RÚV eru nettengd.

Þá fór útlvarpsstjóri yfir yfirlit yfir stærstu verkefni sem væru í framleiðslu hjá sjálfstæðum framleiðendum, samkvæmt beiðni stjórnarmanns frá síðasta fundi.

Útlvarpsstjóri gerði grein fyrir ýmsum upplýsingum um áhorf. Fyrst var farið yfir upplýsingar um áhorf á fréttir í sjónvarpi og RÚV2 þegar eldgos byrjaði á Reykjaneskaga 22. ágúst sl. Áhorf á fréttir var hátt umrætt kvöld og þar á meðal á tíufréttatíma sjónvarpsins sem hófst rétt um hálf tíma eftir að gosið hófst. Þá sýndu áhorfsmælingar einnig að um 40 þúsund manns höfðu skipt yfir á útsendingu af eldgosinu á RÚV2 innan við 10 mínútum frá því að gos hófst. Í kjölfarið fór útlvarpsstjóri yfir áhorfstölur yfir fréttir í sumar, en eins og kunnugt er var útsendingartíma sjónvarpsfrétta breytt í sumar vegna útsendinga frá úrslitakeppni EM karla í knattspyrnu og frá Ólympíuleikunum, líkt og gert hefur verið af sama tilefni sl. áratugi. Þegar horft er á áhorfstölur, meðaláhorf, uppsafnað áhorf, daglega og vikulega dekkun má sjá að heldur fleiri horfðu á fréttir kl. 21 sumarið 2024 í samanburði við kvöldfréttatíma sjónvarps kl. 19 sumarið 2023. Athyglisver sé að áhorf á fréttatíma sem komu í kjölfar leikja á EM var í flestum tilvikum töluvert hærra en þegar engir leikir voru á dagskrá fyrir fréttir. Athygli vakti einnig að línulegt áhorf á fréttir kl. 21 var jókst töluvert í öllum aldurshópum undir 55 ára aldri, en var nánast óbreytt í elsta aldurshópnum. Loks var farið yfir áhorfstölur EM í knattspyrnu en um 82% landsmanna horfðu í a.m.k. fimm mínútur af útsendingum RÚV frá EM í knattspyrnu karla í sumar og uppsafnað áhorf á EM stofuna var 62%. Vinsælustu stöku leikirnir voru með um og yfir 50% áhorf þar sem úrslitaleikur keppninnar var vinsælastur með 52% uppsafnað áhorf.

Útlvarpsstjóri upplýsti að þingflokkum á Alþingi hefði verið boðið í heimsókn til RÚV og hefðu allir þegið það boð með þökkum. Loks gerði útlvarpsstjóri grein fyrir þátttöku RÚV í Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista, sem er samstarfsvettvangur menningarstofnana og háskóla.

Seð mT
U
PO.
AeS
SDU
VIB

5. Önnur mál

Engin önnur mál og fundi slitið.

Silja D. Gunnarsdóttir
hættu

Ingvar Smári Þingsson

Ses Margrét Tryggvadóttir

DR

Þráumur Óskara

DR